

271. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Skólastjóri mætir á fundinn.**
Skólastjóri gerði grein fyrir lestrarskimun sem fram fór í grunnskólanum fyrir á þessu ári. Lestarátak er fyrirhugað í skólanum í samvinnu við bókasafn Snæfellsbæjar, og jafnframt er fyrirhugað að vera með sumarlestrarátak hjá bókasafninu.
- 2) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. apríl 2016, varðandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits. Vísað til bæjarráðs frá bærarstjórn.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar telur nauðsynlegt að halda þeim starfsstöðvum sem starfandi eru í dag við heilbrigðiseftirlit um land allt, þannig að nærþjónusta haldist. Hins vegar er spurning hvort ekki sé rétt að auka samvinnu á milli umdæma þannig að hægt sé að nýta þá sérfræðipækkingu sem til staðar er hjá hverjum og einum.
- 3) **Umsókn Svanfríðar Kristjánsdóttur, dags. 15. apríl 2016, að fá að halda hundinn Jökul.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 4) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 12. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn The Freezer ehf., um breytt rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, gistiskáli, og veitingastaðar í flokki II, skemmtistaður samkomusalir, að Hafnargötu 16 í Rífi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn The Freezer ehf. um breytt rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, gistiskáli, og veitingastaðar í flokki II, skemmtistaður samkomusalir, að Hafnargötu 16 í Rífi, Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Kára Viðarssonar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki I, heimagisting, að Snæfellsási 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Kára Viðarssonar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki I, heimagisting, að Snæfellsási 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 6) **Bréf frá Kvenfélagi Hellissands, dags. 6. apríl 2016, ásamt myndum, varðandi ástand og umgengi í Félagsheimilinu Röst á Hellissandi.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fá rekstraraðila Rastarinnar á næsta fund bæjarráðs til að fara yfir málið.
- 7) **Bréf frá Jeratúni ehf., dags. 8. apríl 2016, varðandi hlutfjár aukningu í Jeratúni 2016.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða hlutfjár aukningu í Jeratúni 2016.
- 8) **Bréf frá bærarstjóra og bæjarritara, dags. 19. apríl 2016, varðandi fasteignaskatt á gistirými.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagða tillögu.
- 9) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri ræddi starfsmannamál.


[Handwritten signatures and initials]
BAA
F.S.
LJ


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:25


Krístjana Hermannsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lífja Ólafardóttir, bæraritari